

Nd.

**580. Frumvarp til laga**

[148. mál]

um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Flm.: Áki Jakobsson og Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist f. h. ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á tímabilinu frá 20. marz til ársloka 1950 93 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðum með haus.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt á sama tímabili og um getur í 1. mgr. að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1.30 fyrir hvern lítra af lifur.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorskflökum framleiddum á tímabili því, er um ræðir í 1. gr., nái kr. 1.53 hvert enskt pund fob., miðað við 7 punda pökkun, að viðbættu því, er svarar til hækkaðs fiskverðs skv. 1. gr. og hækkunar á vinnslukostnaði vegna gengislækkunar skv. l. nr. 22 19. marz 1950, hvort tveggja skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og samsvarandi verð á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði þessa fisks.

Ábyrgð ríkissjóðs skv. 1. mgr. skal einungis taka til fisks, er seldur verður til landa, er ríkisstjórnin ákveður með hliðsjón af markaðshorfum á hverjum tíma.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð fisks þess, er um ræðir í 1. gr., verði kr. 2.52 fyrir kg fob., miðað við fullstaðinn

stórfisk (þorsk) 1. flokks, að viðbættu því, er svarar til hækkaðs fiskverðs skv. 1. gr. og hækkingar á vinnslukostnaði vegna gengislækkunar skv. l. nr. 22 19. marz 1950, hvort tveggja skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski þessum, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

#### 4. gr.

Til þess að tryggja 93 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talað er um í 2. og 3. gr. hér að framan.

#### 5. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáið fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, herra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í dýrtíðarsjóð, unz ríkissjóður er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

#### 6. gr.

Auglýsa skal, svo fljótt sem unnt er, lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 93 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

#### 7. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjóðmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 1. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

#### 8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

#### 9. gr.

Til aðstoðar verðlagsyfirvöldum við ákvörðun verðlags á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, skipar ráðherra að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum.

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvæðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

10. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkvæmt 1.—4. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánunum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um gengisskráningu var fiskábyrgð felld niður frá 20. marz 1950. Sú ráðstöfun var réttlætt með því, að gengislækkunin mundi ekki einasta tryggja bátaútveginum það verð, sem fiskábyrgðin tryggði honum áður, heldur mundi fiskverðið hækka upp í 93 aura kg. Fiskverðið var 75 aurar skv. fiskábyrgðarlögunum, auk þess var útgerðum báta greiddur váttryggingarstyrkur, sem talið var, að næmi fyrir útgerðina 10 aurum á kg af fiski í meðalveiði. Nú hefur þessi váttryggingarstyrkur verið felldur niður, og auk þess hefur verðlag á olíu og veiðarfærum hækkað mjög tilfinnanlega. Þannig hefur olía hækkað um nærri 45%, úr 39 aurum lítrinn í 56.5 aura. Það er ekki fjarri lagi, að gengislækkunin hafi lækkað fiskverð með verðhækkunum á nauðsynjum útgerðarinnar, svo það samsvari ca. 66 aura verði fyrir setningu gengisskráningarlaganna. Þannig hafa gengisskráningarlögin orðið til að lækka fiskverðið til útgerða báta um ca. 19 aura hvert kg, ef miðað er við verðlag fyrir setningu þeirra laga. Þessi lækkun lendir líka með miklum þunga á fiskimenn og aðra hlutarmenn og er mjög tilfinnanleg kauplækkun. Þegar fiskábyrgðarlögin voru sett í janúar s. l., lá fyrir þinginu krafa um það frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að fiskverð hækkaði svo, að það væri yfir eina krónu á kg. Þegar lögin voru samþykkt í þinginu, var miðað við 75 aura verð fyrir kg að viðbættum váttryggingarstyrk fyrir útgerðina, og var það þá álit allra, að það verð væri lágmark þess, sem hægt væri að reka bátana fyrir í meðalveiði. Í stað þess að bæta afkomu útvegsins, hafa gengisskráningarlögin raunverulega lækkað fiskverðið um rösk 20% og gert línubáta-útgerð órekstrarhæfa og stórrýrt alla afkomu annarra fiskibáta. Þetta er ljót saga, en sönn. Þær gifurlegu byrðar, sem lagðar eru á almenning með gengislækkuninni, hafa ekki orðið bátaútveginum til gagns, eins og sýnt hefur verið.

Vertíð sú, sem nú er senn lokið, hefur orðið útvegsmönnum og sjómönnum mikil vonbrigði. Veiði hefur sums staðar verið með minnsta móti og víðast hvar léleg, svo að þær búsifjar, sem gengisskráningarlögin hafa veitt útveginum, verða enn þungbærari en ella hefði orðið.

Hagfræðingar þeir, sem undirbjuggu gengisskráningarlögin fyrir ríkisstjórnina, töldu, að gengislækkunin mundi hækka fiskverð til báta í 93 aura fyrir kg. Þegar til stykkisins kom, varð hækkunin engin, og meira að segja er því haldið fram af hraðfrystihúsum og saltfisksútflytjendum, að vegna hinnar gifurlegu auknu áhættu, sem leggst á herðar þessara aðila við afnám fiskábyrgðarinnar, þá sé þeim um megn að greiða svona hátt verð, og hefur sú skoðun verið látin í ljós af ýmsum þessara aðila, að verð fiskisins þurfi að hækka. Þannig hefur gengislækkunin og afnám fiskábyrgðarinnar snúizt gegn bátaútveginum, einum þýðingarmesta þætti útflutningsframleiðslunnar, og einmitt þeim atvinnuveginum, sem bjarga átti með gengislækkuninni.

Út úr þeim vanda, sem útvegurinn er nú kominn í vegna aðgerða löggjafans, er ekki til nema ein leið. Hún er sú, að lögfesta fiskábyrgð á nýjan leik. Ef útreikningar þeir, sem ríkisstjórnin byggði á gengislækkunartillögur sínar, eru réttir, þá ætti fiskábyrgð eins og sú, sem felst í þessu frv. og byggð er á 93 aura verði fyrir kg af fiski, ekki að þurfa að valda ríkissjóði neinum útgjöldum, en hún tryggir afkomu útvegsins og tryggir það, að menn og konur í hinum mörgu sjávarplássum meðfram ströndinni geti haft örugga atvinnu af fiskveiðum og fiskvinnslu, sem annars yrði ekki.

Um frv. sjálft er það að segja, að þar er gert ráð fyrir 93 aura verði fyrir kg af þorski og ýsu, slægðum með haus. Í 2. og 3. gr. er miðað við það verð, sem gildi til 20. marz s. l., en ríkisstjórninni falið að ákveða þá viðbót, sem hæfileg getur talizt til að mæta kostnaði vegna hækkaðs fiskverðs og vegna gengislækkunarinnar. Að öðru leyti er frv. að mestu leyti samhljóða lögum um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátáutvegsins o. fl., sem samþykkt voru á Alþingi 12. janúar s. l.

Við viljum líka taka það fram, að við teljum það ótímabært, að afnumin sé fiskábyrgð meðan ríkið annast sölu á öllum afla bátáutvegsins og hirðir auk þess allan gjaldeyri, sem inn kemur fyrir hann. Meðan svo er ástatt, hvílir óhjákvæmlega sú siðferðisskylda á ríkisvaldinu að tryggja útveginum það verð fyrir afla sinn, sem nægir til þess, að hægt sé að halda útgerðarstarfseminni áfram.